

## T I L L A G A

að starfsreglum um breytingu á starfsreglum um starfskostnað vegna prestsþjónustu og prófastsstarfa, nr. 44/2021-2022.  
(Lagt fyrir 65. kirkjuþing 2023-2024).

Flutt af Einari Má Sigurðarsyni og Margréti Eggertsdóttur.  
Frsm. Einar Már Sigurðarson.

### 1. gr.

Starfsreglur um starfskostnað vegna prestsþjónustu og prófastsstarfa, nr. 44/2021-2022 falla brott við gildistöku nýs kjarasamnings Þjóðkirkjunnar og Prestafélags Íslands.

### 2. gr.

Starfsreglur þessar, sem settar eru með heimild í 8. gr. laga um þjóðkirkjuna nr. 77/2021, öðlast gildi við birtingu.

### Greinargerð.

Kirkjuþing 2020-2021 samþykkti, í 42. máli, að skipa þriggja manna nefnd – starfskostnaðarnefnd - til að endurskoða starfsreglur um starfskostnað vegna prestsþjónustu og prófastsstarfa. Í greinargerð með því máli kom fram að stefnt væri að því að heildstæð endurskoðun færi fram á fyrirkomulagi á greiðslum starfskostnaðar.

Í nefndina voru kosin þau Anna Guðrún Sigurvinsdóttir, Einar Már Sigurðarson og sr. Gísli Jónasson, öll kirkjuþingsfulltrúar á þeim tíma. Anna Guðrún lét af störfum í nefndinni að eigin ósk þegar hún var kosin í framkvæmdanefnd kirkjuþings árið 2021 og var Margrét Eggertsdóttir, kirkjuþingsfulltrúi, kosin í hennar stað. Sr. Gísli hætti á kirkjuþingi í lok síðasta kjörtímabils árið 2022 en sat áfram í nefndinni. Margrét Hannesdóttir, hagfræðingur hjá þjónustumiðstöð Þjóðkirkjunnar, starfaði með nefndinni.

Ýmsar breytingar hafa átt sér stað á fyrirkomulagi greiðslna til presta og prófaste vegna starfskostnaðar á undanförunum árum og er nú mælt fyrir um þær í nágildandi kjarasamningi Þjóðkirkjunnar og Prestafélags Íslands, frá 21. júní 2021 í stað starfsreglna kirkjuþings. Þannig hafa verið teknar upp akstursgreiðslur á grundvelli akstursbóka í stað fastra akstursgreiðsla og Þjóðkirkjan leggur prestum og próföstum til farsíma og nauðsynlegan tölvuhugbúnað í stað fastra greiðslna starfskostnaðar til presta og prófaste. Eftir standa þó tilteknir kostnaðarliðir í gildandi starfsreglum kirkjuþings um starfskostnað vegna prestsþjónustu og prófastsstarfa, nr. 44/2021-2022. Er stefnt að því að einnig verði fjallað um greiðslur þess starfskostnaðar í

kjarasamningi Þjóðkirkjunnar og Prestafélags Íslands í stað þess að mæla fyrir um hann í starfsreglum kirkjuþings. Framangreind nefnd leggur til að kirkjuþing samþykki að miðað verði við að ofangreindar starfsreglur falli brott þegar samkomulag hefur tekist um starfskostnað í kjarasamningi, samkvæmt því sem rakið er hér að ofan.

Litið er svo á að störfum nefndarinnar sé lokið og að umboð hennar falli brott þegar kjarasamningur um ofangreint tekur gildi.